

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

30. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR, KJÖRTÍMABILÍÐ 2014-2018

Árið 2016, miðvikudaginn 15. júní. kl.16:15 var haldinn fundur í fundarsal sveitarstjórnar, Álftaveri.

Fundurinn er aukafundur vegna fyrirhugaðra forsetakosninga.

Mætt voru: Valgeir Scott, Halldóra Pétursdóttir, Hulda Gunnarsdóttir, varamaður fyrir Önnu Lind Ragnarsdóttur, Steinn Ingi Kjartansson, varamaður Guðbjargar Bergmundsdóttur og Pétur G. Markan, sveitarstjóri, sem jafnframt ritaði fundargerð.

Fundur settur klukkan 16:15.

Engin athugasemd gerð við boðun fundarins.

Þar sem bæði oddviti og varaoddviti eru forfallaðir á fundinn óskar sveitarstjóri eftir heimild sveitarstjórnar til að stýra fundi.

Samþykkt samhljóða.

Sveitarstjóri bauð fundarmönnum að ganga til umræðu um fyrsta lið á dagskrá.

Dagskrá:

1. Fundargerð 11. fundar skipulags og byggingarnefndar frá 13. maí 2016.
2. Fundargerð 12. fundar skipulags og byggingarnefndar frá 8. júní 2016.
3. Fundargerð 11. fundar fræðslunefndar frá 2. júní 2016.
4. Kjörskrá, kjörstaðir, upplýsingar og leiðbeiningar fyrir forsetakosningar þann 26. júní 2016.

1. Fundargerðin staðfest í öllum liðum.
2. Fundargerðin staðfest í öllum liðum.
3. Fundargerðin staðfest í öllum liðum.
4. Sveitarstjóri gerir grein fyrir fyrsta fundi yfirkjörstjórnar, 12 maí 2016.

Sveitarstjórn Súðavíkurhrepps staðfestir framlagða kjörskrá og felur sveitarstjóra að hafa kjörskrá opna og aðgengilega öllum á skrifstofu sveitarfélagsins fram að kjördegi.

Sveitarstjórn veitir sveitarstjórastjóra fullnaðarheimild til að fjalla um athugasemdir, gera nauðsynlegar leiðréttingar og úrskurða um ágreiningsmál sem kunna að koma fram að kjördegi vegna Forsetakosninga 25. júní nk. í samræmi við 27. gr. laga um kosningar til Alþingis.

Þar sem formaður yfirkjörstjórnar verður ekki á staðnum á kosningadag felur sveitarstjórn sveitarstjóra hans hlutverk á kjördag. Í því felst meðal annars samskipti við sýslumann og lögreglu, söfnun kjörgagna frá Heydal og fleira.

Sveitarstjórn samþykkir að hafa tvær kjördeildir opnar, eins og undanfarnar kosningar. Þær verða í Súðavíkurskóla og Reykjaneskjördeild, staðsett í í Heydal.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra í samráði við yfirkjörstjórn að upplýsa og boða undirkjörstjórnir, Súðavíkurkjördeild og Reykjaneskjördeild, Súðavíkurhrepps vegna forsetakosninga 2016.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 17:15

Hulda Gunnarsdóttir

Valgeir Scott

Steinn Ingi Kjartansson

Halldóra Pétursdóttir

Pétur G. Markan, sveitarstjóri

